

Nd.

71. Nefndarátt

um frv. til laga um sektir.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og fellst fullkomlega á rjettmæti þess. Síðan hegningarlögin frá 25. júní 1869 öðluðust gildi, og einkum nú síðustu árin, hefir verðlag peninganna breyst mjög mikið, svo að sektir þær, sem dæma má eftir hegningarlögunum, 2–2000 kr., eru nú óhæfilega lágar. Af sömu ástæðu getur vararefsing sú, fangelsisvistin, sem koma á í stað sektar, sje sekt eigi greidd, orðið mikils til of þung innan þess ramma, sem 31. gr. hegningarlaganna setur, þar sem 60 daga einfalt fangelsi getur verið vararefsing í stað 200 króna. — Þó getur vararefsingin orðið ennþá þyngri og órjettlátari, þegar dæmt er í málum utan hegningarlaganna. Þar fer vararefsingin

eftir fyrirmælum tilsk. 25. júní 1869, sem einskorðar með tölum, hversu löng fangelsisvistin skuli vera fyrir hverja sektarupphæð. Er þar tiltekið, til hversu margra króna af sektinni hver fangelsisdagur svari, og er aldrei hægt að afplána meira en 5 krónur á dag. En þegar farið er að dæma í mjög háar sektir, tugi þúsunda króna, eins og á sjer stað eftir yngri lögum, þá er það ljóst, að fangelsistíminn eftir tilsk. frá 1869 verður óhæfilega langur. — Nefndin er einróma þeirrar skoðunar, að þessu beri að breyta, og þar sem hún getur fallist á þær tillögur, sem gerðar eru i frumvarpinu, leggur hún til, að það verði samþykkt með eftirfylgjandi

ORÐABREYTINGU:

Við 4. gr. fyrsta máls.

Í stað orðanna »og lögð er við sekt — nje sekt greiðir« komi: og lögð sekt við, ef aðili innir eigi af hendi skyldu sína innan tiltekins tíma, og skal hann þá, vinni hann hvorki verkið nje greiði sektina.

Alþingi, 21. febrúar 1925.

Magnús Torfason,
form.

Jón Kjartansson,
frsm.

Jón Baldvinsson,
fundaskrifari.

Bernh. Stefánsson.

Árni Jónsson.